

Starfsreglur stjórnarháttá- og starfskjaranefndar Borgunar hf.

1. Skipan

Stjórn Borgunar skipar tvo til þrjá nefndarmenn í stjórnarháttá- og starfskjaranefnd og velur formann nefndarinnar úr sínum röðum eigi síðar en á öðrum reglulegum stjórnarfundi eftir aðalfund. Nefndarmenn geta verið stjórnarmenn, en einnig má leita til utanaðakomandi sérfræðings til að gegna störfum í nefndinni. Meirihluti nefndarinnar skal óháður félaginu og daglegum stjórnendum þess. Séu nefndarmenn aðeins tveir skulu þeir báðir vera óháðir félaginu og daglegum stjórnendum þess.

2. Ritari

Nefndin velur sér ritara úr röðum nefndarinnar eða starfsmanna Borgunar. Ritari skráir fundargerð um það sem rætt er á fundum og ákvarðanir sem þar eru teknar. Nefndarmenn og ritari skulu undirrita fundargerðir. Hafi nefndarmaður verið fjarstaddur skal hann með áritun á fundargerð staðfesta að hann hafi kynnt sér efni hennar.

3. Hlutverk

Hlutverk stjórnarháttá- og starfskjaranefnd er eftirfarandi:

- Mótun starfskjarastefnu Borgunar sem lögð er til samþykktar af stjórn fyrir aðalfund
- Mótun kaupaukakerfis Borgunar, sé það við lýði
- Eftirlit með framkvæmd starfskjarastefnu og kaupaukakerfis Borgunar
- Tillögugerð til stjórnar varðandi kjaramál forstjóra og annarra stjórnenda sem heyra undir stjórn
- Árleg yfirferð yfir starfsreglur stjórnar og undirnefnda stjórnar
- Undirbúningur sjálfsmats stjórnar og mats á störfum forstjóra
- Undirbúningur stjórnarháttáýfirlýsingar ársskýrslu
- Mat á þörf á stjórnarháttáúttekt og yfirferð og eftirfylgni slíkra úttekta
- Önnur mál sem stjórn felur nefndinni að fjalla um

4. Starfsáætlun

Formaður nefndarinnar hefur forgöngu um að semja starfsáætlun nefndarinnar fyrir starfsárið þar sem tilgreindar eru dagsetningar funda og helstu verkefnum er raðað á dagskrá. Starfsáætlun er borin undir stjórn til samþykktar.

5. Fundir nefndarinnar

Formaður nefndarinnar stýrir fundunum. Nefnd er ákvörðunarþær þegar meirihluti nefndarmanna sækja fundi. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir nefndarmenn hafi haft tæk á því að fjalla um málið sé þess kostur. Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á fundum í öllum málum. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum. Mál sem fellur á jöfnum atkvæðum má taka til umræðu í stjórn félagsins.

6. Upplýsingaöflun

Nefndinni er heimilt að leita upplýsinga hjá forstjóra og öðrum starfsmönnum félagsins sem eru nauðsynlegar til að sinna hlutverki sínu. Upplýsingabeiðni skal send með formlegum hætti og skal forstjóri að jafnaði móttaka afrit sé beiðni beint að öðrum starfsmanni en honum.

7. Upplýsingagjöf

Stjórn Borgunar skal reglulega upplýst um störf nefndarinnar. Nefndin skal skila skýrslu um störf sín til stjórnar í lok starfsárs og oftár ef þörf krefur. Skrifleg gögn sem lögð eru fyrir á nefndarfundum skulu aðgengileg öllum stjórnarmönnum.

8. Starfsreglur stjórnar

Starfsreglur stjórnar félagsins eiga að öðru leyti við um störf nefndarinnar eftir því sem við á, svo sem varðandi sérstakt hæfi og þagnarskyldu.

Þannig samþykkt á stjórnarfundum Borgunar hinn 28. mars 2019